

Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

Ár 2018, föstudaginn 19. janúar, var haldinn 168. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 8.00. Viðstödd voru: Dagur B. Eggertsson, Gunnar Einarsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Haraldur L. Haraldsson, Haraldur Sverrisson og Ármann Kr. Ólafsson. Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri, og Birgir Finnsson, varaslökkviliðsstjóri. Þorsteinn Karlsson, fjármálastjóri SHS, og Hallur Símonarson, innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar, sátu fundinn undir lið 1. Brynjar Þór Friðriksson og Vernharð Guðnason, deildarstjórar hjá SHS, sátu fundinn undir lið 7. Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson, formaður. Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram umsögn innri endurskoðanda um hagræðingartillögu í fjármáladeild SHS, dags. 10. janúar 2018.

Haraldur L. Haraldsson leggur fram svohljóðandi bókun:

Ég fagna þeim breytingum sem gerðar hafa verið á aðgerðasviði slökkviliðsins, þ.e. fjölgun stöðugilda. Allt gert til að bæta viðbragðstíma og öryggi þjónustunnar. Hins vegar er það miður að nánast ekkert af þeim tillögum eða ábendingum sem ráðgjafi um hagræðingu í rekstri slökkviliðsins lagði fram varðandi aðra þætti slökkviliðsins skuli ekki hafa komið til greina. Það er mín skoðun að þar komi fram raunhæfar tillögur sem hægt er að hrinda í framkvæmd og muni á engan hátt hafa áhrif á gæði og öryggi þjónustu slökkviliðsins.

Gunnar Einarsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Haraldur Sverrisson og Ármann Kr. Ólafsson tóku undir bókun Haraldar.

Hallur Símonarson, innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Lagt fram samkomulag, ódags, við Brú, lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga, um uppgjör á lífeyrisskuldbindingum.
Samþykkt.
Slökkviliðsstjóra falið að undirrita samkomulagið.
3. Lögð fram starfsáætlun stjórnar fyrir árið 2018.
Samþykkt.
4. Lagt fram bréf Mannvirkjastofnunar vegna gildistíma brunavarnaáætlunar, dags. 4. janúar 2018. Jafnframt fer frak kynning á stöðu mála vegna brunavarnaáætlunar SHS 2018-2022.
5. Lagt fram bréf Mannvirkjastofnunar vegna úttektar á SHS, dags. 2. janúar 2018, sem framkvæmd var í nóvember 2017.
6. Fram fer kynning á kostnaðaráætlun vegna frágangs á lóð við slökkvistöðina í Hafnarfirði. Einnig lagt fram bréf, dags. 12. september 2017, varðandi breytingu á deiliskipulagi á lóð slökkvistöðinnar í Hafnarfirði.
Stjórn samþykkir að óskað verði eftir því að Hafnarfjarðarbær sjái um útboðsferli vegna frágangs lóðar við slökkvistöðina í Hafnarfirði.
7. Fram fer kynning á nokkrum helstu stóru verkefnum sem SHS hefur sinnt frá síðasta stjórnarfundum.
8. Önnur mál
 - 8.1 Fundur í almannavarnanefnd, febrúar – mars, skólafrí
Fyrirspurn um að færa fund í almannavarnanefnd frá 16. febrúar til 16. mars vegna skólafría sem eru í febrúar.
Afgreiðsla: Samþykkt að færa fundinn.

- 8.2 Málsmeðferð misferlismála hjá Reykjavíkurborg
Kynnt var umburðarbréf frá innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar vegna málsmeðferðar misferlismála Reykjavíkurborg.
Eftirfarandi lagt fram:
- Umburðarbréf - málsmeðferð misferlismála, dags. 2. janúar 2018.
Afgreiðsla: Kynning.
- 8.3 Staðsetning á nýrri slökkvistöð í stað Tunguháls
Rætt um stöðuna á staðarvali fyrir nýja slökkvistöð í stað þeirrar sem stendur við Tunguháls. Slökkviliðsstjóra falið að kanna áætlanir vegagerðarinnar varðandi Álfanesveg.
Afgreiðsla: Kynning, verður á dagskrá næsta fundar.

Næsti fundur verður haldinn 16. febrúar 2018.

Fundi slitið klukkan 09:45

Dagur B. Eggertsson

Gunnar Einarsson
Ármann Kr. Ólafsson
Haraldur L. Haraldsson

Ásgerður Halldórsdóttir
Haraldur Sverrisson

Fylgiskjöl:

- Umsögn: Hagræðingartillaga í fjármáladeild SHS, dags. 10. janúar 2018.
- Samkomulag um uppgjör á lífeyrisskuldbindingum, ódags.
- Starfsáætlun stjórnar SHS 2018, dags. 19. janúar 2018.
- Gildistími brunavarnaáætlunar liðinn, afrit bréfa til aðildarsveitarfélaga, dags. 4. janúar 2018.
- Úttektir slökkviliða 2017, dags. 2. janúar 2018.
- Breyting á deiliskipulagi á lóð slökkvistöðvarinnar í Hafnarfirði, dags. 12. september 2017.
- Umburðarbréf - málsmeðferð misferlismála -, dags. 2. janúar 2018.